

Nd.

534. Nefndarálit

[180. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið um nokkurt skeið og unnið að því í samstarfi með fjárhags- og viðskiptanefnd Ed.

Nefndin hefur meðal annars rætt við eftirgreinda aðila og undirritaðir nefndarmenn vilja í því sambandi taka fram:

1. Lífeyrissjóðir.

Nefndin ræddi við fulltrúa frá Sambandi almennra lífeyrissjóða og landssambandi lífeyrissjóða. Mótmæltu þeir ákvæðum 3. gr. frv. um skuldabréfakaup lífeyrissjóða. Undirritaðir nefndarmenn telja að nauðsynlegt sé að eiga sem best samstarf við lífeyrissjóðina um skuldabréfakaup, er byggi á samkomulagi og skilningi lífeyrissjóðanna á nauðsyn þess að draga úr erlendum lántökum eftir því sem kostur er. Fulltrúar lífeyrissjóðanna hafa lýst sig fúsa til að gera hvað þeir geta til að stuðla að þeim markmiðum, sem sett eru fram í lánsfjáráætlun um innlenda fjáröflun.

Með tilliti til þessa leggja undirritaðir nefndarmenn fram breytingartillögu á þskj. 535 sem gerir ráð fyrir óbreyttum reglum frá fyrra ári, að því undanskildu að verðtryggt skuldabréfakaup frá sjóðsfélögum lífeyrissjóðanna eru ekki talin rúmast innan 40% reglunnar.

2. Byggingarsjóður ríkisins.

Fulltrúar frá Byggingarsjóði ríkisins lögðu fram fjárhagsáætlun fyrir árið 1980, er gerir ráð fyrir ráðstöfunarfé 22 300 þús. kr. Áætlunin er samin með tilliti til útlánaáforma þeirra, en þeir höfðu óskað eftir meira innstreymi fjár.

Við athugun kom í ljós að villa var í 18. gr., er snertir sjóðinn, og er flutt breytingartillaga til að leiðrétta hana. Það fjármagn, sem ríkissjóður leggur fram til Byggingarsjóðs vegna ársins 1980, er eftirfarandi (í þús. kr.), með tilvísun til 4. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins:

a-liður	6 226 550	
c-liður	759 900	
		6 986 450
b-liður		63 750
Heilsuspillandi húsnæði, sbr. fjárlög		50 300
		<hr/>
		7 100 500

Ríkissjóður átti í ársbyrjun ógreitt vegna ársins 1979 1544 þús. kr. og er það ekki talið með hér.

### 3. Byggingarsjóður verkamanna.

Fulltrúar frá sjóðnum lýstu áhyggjum varðandi hvernig skilja bæri 19. gr., en þar er gert ráð fyrir 432 500 þús. kr. framlagi.

Á árinu 1979 fékk sjóðurinn aukaframlag 390 000 þús. kr. og í ársbyrjun 1980 fékk sjóðurinn 595 276 þús. kr.

Undirritaðir nefndarmenn vilja taka það skýrt fram, að framlag samkv. 19. gr. er framlag ársins 1980, sem sveitarfélögin leggja til á móti. Hvort framlagið verði að fullu greitt á árinu 1980 er að sjálfsögðu samningsatriði aðila, eins og ávallt hefur verið.

### 4. Erfðafjárjóður.

Fulltrúar endurhæfingarráðs komu á fund nefndarinnar og höfðu sent nefndinni bréf.

Á árinu 1979 fékk sjóðurinn samkv. fjárlögum 144 000 þús. kr. og auk þess aukafjárveitingu 36 000 þús. kr. Á árinu var innheimtur erfðafjárskattur 496 800 þús. kr. Hluti af skattinum var vegna fyrri ára þar sem mikið átak var gert í innheimtumálum. Í fjárlögum 1980 er gert ráð fyrir að tekjur af skattinum verði 700 000 þús. kr., sem er sennilega of há áætlun, og má benda á að innheimta fyrstu þrjá mánuði ársins var 61 500 þús. kr. Undirritaðir nefndarmenn telja að sinna verði vel þeim verkefnum sem hér er staðið að og eru undirstöðubáttur í endurhæfingarstarfi og málefnum fatlaðra.

Þótt framlagið hækki frá fyrra ári um 81.7% telja undirritaðir nefndarmenn að alls ekki megi skerða þessi framlög umfram önnur lögákveðin framlög, vegna þeirra miklu viðfangsefna er hér bíða.

Óvissan er mikil um tekjur af erfðafjárskatti og teljum við að taka beri mál Erfðafjárjóðs upp í haust, þegar ljósara er hverjar tekjurnar verða af erfðafjárskatti, og taka framlagið til endurskoðunar með tilliti til þess og þeirra sjónarmiða, er áður hafa komið fram.

Frumvarp það, sem hér er um fjallað, er þýðingarmikið og gerir það kleift að hefja ýmsar mikilvægar framkvæmdir. Málið er einnig mikilvægt af ýmsum efnahagslegum ástæðum og varðar því miklu að vel sé á haldið. Í því sambandi viljum við undirritaðir nefndarmenn taka fram eftirfarandi:

1. Í lánsfjáráætluninni er gert ráð fyrir aukinni verðbréfasölu til lífeyrissjóða og sölu á verðtryggðum skuldabréfum til innlánsstofnana. Auk þess er gert ráð fyrir verulegri sölu á ríkisskuldabréfum. Undirritaðir nefndarmenn telja að halda verði erlendum lántökum innan þeirra marka er fram kemur í frv. og ekki megi stofna til frekari erlendra lána.

Í þessu sambandi viljum við m. a. vísa til meðfylgjandi áætlunar um greiðsluþyrði langra erlendra lána á árinu 1981.

Framkvæmd lánsfjáráætlunar er mjög háð sparifjármyndun í landinu. Við viljum því leggja áherslu á þann þátt mála, ef tryggja á farsæla framkvæmd lánsfjáráætlunar. Ef þess er ekki gætt er fyrirsjáanlegt að nægilegt fjármagn verður ekki fyrir hendi til að standa við framkvæmdaáform.

2. Mikilvægt er að þess sé gætt í hvívetna að fjármagni því, sem ráðstafað er samkv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sé vel varið. Í því sambandi má geta þess, að ef spenna verður á vinnumarkaði er hætt við að tilboð verði hærri en kostnaðaráætlanir. Fari hagstæðasta tilboð í verk í heild — eða einstaka verkhluta — fram úr þeim kostnaðaráætlunum, sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlun miðast við, er nauðsynlegt að endurmeta heimildir áður en ráðist er í viðkomandi verk.

Með tilliti til ofanritaðs leggjum við undirritaðir nefndarmenn til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum er fram koma á þskj. 535.

Alþingi, 16. maí 1980.

Halldór Ásgrímsson,  
form., frsm.

Ingólfur Guðnason,  
fundaskr.

Guðm. J. Guðmundsson.

Fylgiskjal I

**ÞJÓÐHAGSSTOFNUN**

29/4/1980.

Áæfluð skipting fjármyndunar í erlendan og innlendan hluta 1974—1980.  
Milljónir króna. Verðlag hvers árs.

	Bráðabirgða- tölur					Spá 1980
	1974	1975	1976	1977	1978	
<b>Erlendur hluti:</b>						
Þjósárvirkjanir, Kröfluvirkjun, járn- blendiverksmiðja og álverksmiðja .....	1 146	3 849	7 443	6 186	8 541	13 759
Innflutt skip og flugvélar .....	5 980	6 960	4 530	12 270	6 385	8 505
Önnur fjármunamyndun .....	12 898	17 409	21 037	30 460	45 974	67 588
<b>Erlendur hluti, alls</b>	<b>20 024</b>	<b>28 218</b>	<b>33 010</b>	<b>48 916</b>	<b>60 900</b>	<b>89 852</b>

**Innlendur hluti:**

Þjósárvirkjanir, Kröfluvirkjun, járn- blendiverksmiðja og álverksmiðja .....	764	2 971	4 962	4 124	6 919	11 151
Önnur fjármunamyndun .....	24 362	32 371	40 038	55 710	82 721	111 937
<b>Innlendur hluti, alls</b>	<b>25 126</b>	<b>35 342</b>	<b>45 000</b>	<b>59 834</b>	<b>89 640</b>	<b>123 088</b>
<b>Fjármunamyndun, alls</b>	<b>45 150</b>	<b>63 560</b>	<b>78 010</b>	<b>108 750</b>	<b>150 540</b>	<b>212 940</b>
Erlendur hluti, %	44.4	44.4	42.3	45.0	40.5	42.8
Innlendur hluti, %	55.6	55.6	57.7	55.0	59.5	57.2
<b>Samtals</b>	<b>100.0</b>	<b>100.0</b>	<b>100.0</b>	<b>100.0</b>	<b>100.0</b>	<b>100.0</b>

Erlendur hluti fjármunamyndunar sem  
hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu, %

11.4

10.7

10.5

12.8

12.4

14.6

14.2

**Fylgiskjal II.**

**SEÐLABANKI ÍSLANDS**  
**Greiðslujafnaðardeild**

8. maí 1980

Til: Halldórs Ásgrímssonar, alþingismanns

Frá: Seðlabanka Íslands, greiðslujafnaðardeild, Ólafur Tómasson

Efni: Fyrirspurn um áætlaða greiðslubyrði langra erlendra lána á árinu 1981

Hér fer á eftir lausleg spá um afborganir, vexti og greiðslubyrðarhlutfall af löngum erlendum lánunum á árinu 1981.

Í milljörðum króna <sup>1)</sup>	Afborganir	Vextir	Samtals
Af skuld í árslok 1979 .....	46.6	38.4	85.0
Af lántökum 1980 <sup>2)</sup> .....	8.5	12.8	21.3
Af lántökum 1981 <sup>3)</sup> .....	—	4.5	4.5
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	Samtals 55.1	55.7	110.8
Áætlaðar útflutningstekjur <sup>4)</sup> .....			617.0
Áætluð greiðslubyrði í hlutfalli af útflutnings- tekjum .....			18.0%

1) Á áætluðu meðalgengi 1980.

2) Miðað við 85 milljarða króna nýjar lántökur.

3) Miðað við 60 milljarða króna nýjar lántökur, sem svarar rúmlega til áætlaðra afborgana á árinu.

4) Gert er ráð fyrir að útflutningstekjur (útflutningur vöru og þjónustu) aukist um 10% á árinu.

Framangreindar tölur eru miðaðar við áætluð vaxtakjör á árinu 1980 að því er varðar nýjar lántökur og þau lán, sem eru með breytilegum vöxtum. Ef miðað væri hins vegar við vaxtakjör á árinu 1979 mundi greiðslubyrði á árinu 1981 vera rétt innan við 17% af útflutningstekjum.